



Ekki fleiri busavígsalur í FG

Um langt skeið hafa verið busavígsalur í FG. Þó skólastjórnendum hafi verið í nöp við busavígsalur hafa þær verið leyfðar og kennarar fylgst grannt með að ekkert færi úr böndum. Á seinni árum hefur það síðan færst í vöxt að svokallaðar einkabusanir fari fram þegar busavígsalur er lokið í FG. Þar taka eldri piltar, sumir hverjir ekki einu sinni nemendur í skólanum, nýnema FG og beita þá ótrúlega grófu ofbeldi.

Þegar við áttuðum okkur á þessu töldum við að það yrði auðvelt að koma í veg fyrir þetta. Við skipulögðum ferðir að busavígsalur lokinni til að koma nýnemum í öruggt skjól. Okkur til mikillar undrunar og vonbrigða hefur talsverður hópur nýnema sleppt því að fara í þessar ferðir til þess eins að láta beita sig grófu ofbeldi og eru þannig orðnir viljugir þátttakendur.

Busavígsalan í ár var vel skipulögð af hálfu nemendastjórnarinnar og var vígsalan að flestu leyti vel innan þeirra marka sem við settum. Stjórn nemendafélagsins og þeir sem að vígsalunni í skólanum stóðu eiga hrós skilið fyrir sitt framlag. Í kjölfar vígsalunnar var nýnemum boðið upp á pizzu og gos og klukkan 11:00 var lagt af stað í nýnemaferð til Stokkseyrar og gist þar eina nótt og tókst sú ferð í alla staði mjög vel. Eiga lífsleiknikennarar og stjórn nemendafélagsins hrós skilið fyrir góða undirbúningvinnu. Einnig var nýnemum hrósað sérstaklega fyrir kurteisi og góða umgengni af þeim sem voru með rútur og gistað. Þá.

Því miður fóru ekki allir nýnemar með í ferðina. Sumir gátu af eðlilegum ástæðum ekki farið með. Talsverður hópur kaus að fara ekki með gagnert til að taka þátt í einkabusun. Þessar einkabusanir fóru um víðan völl. Áður en dagur var að kvöldi kominn bærust okkur kvartanir úr Garðskóla, Hafnarfirði, Verslunarskólanum og Kringlunni. Í öllum tilfellum voru þar piltar með nýnema úr FG og beittu þá grófu ofbeldi. Við sögu komu fiskikör með úrgangi og úldnum kjúklingum, nýnemum var hent í sjóinn, hendur bundnar aftur fyrir bak og girt niður um nýnema og ógeðsdrykk hent um ganga Verslunarskólans, hundaólar og fleira mætti telja upp. Þessar lýsingar draga ekki upp fagra mynd af ungum piltum tengdum Fjölbrotaskólanum í Garðabæ. Það er engum blöðum um það að fletta að þessir piltar hafa orðið sér, foreldrum sínum og skólanum til skammar. Hvað þeim nýnemum gekk til sem viljugir tóku þátt í þessum leik get ég ekki gert mér í hugarlund. Þar brestur mér hugmyndaflug.

Þetta eru mér sem skólameistara í FG sérstök vonbrigði. Við erum vön að fá hrós fyrir nemendur okkar þegar við bregðum okkur af bæ. Á síðasta ári fórum við til Berlínar, Akureyrar og Þórsmerkur og fengum í öllum tilfellum hrós fyrir kurteisi og góða umgengni. Auðvitað getum við ekki borið ábyrgð á athæfi nemenda langt utan veggja skólans, þegar við í ofanálag grípum til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir að þessar einkabusanir eigi sér stað. Engu að síður er okkur ljós sú staðreynd að busavígsalan í FG er einhverjum piltum hvatning til að beita samborgara sína grófu ofbeldi.

Svona getur þetta ekki gengið. Viðbrögð skólans verða af tvennum toga. Í fyrsta lagi sendum við foreldrum þeirra drengja sem við vitum að tóku þátt bréf þar sem við förum fram á að á þessu verði tekið á heimilinu. Við vitum að við höfum ekki nema hluta nafnanna en teljum rétt að koma því sem við vitum á framfæri. Í öðru lagi verða ekki fleiri busavígsalur í FG. Við munum auðvitað bjóða nýnema áfram velkomna og nýnemaferðir verða áfram á dagskrá. En við getum ekki lengur verið einhverjum ofbeldissegjum skálkaskjól til að svala ofbeldisþörf sinni.

Við lýsum okkur reiðubúin til samstarfs við nemendur um nýjar leiðir til að fagna nýnemum. Það er einnig ljóst að þessar aðgerðir eru ekki til að refsa nemendafélaginu. Það stóð sig vel og er stjórn nemendafélagsins eflaust jafn leið og við yfir því að þeirra atburður sé nýttur í þágu ofbeldisverka.